



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

FORSETI ÍSLANDS TIL FINNLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson heldur áleiðis til Finnlands síðar í dag. Í hádeginu á morgun, þriðjudaginn 23. maí, mun forseti eiga fund með frú Tarja Halonen forseta Finnlands og taka þátt í atburðum síðdegis sem helgaðir eru sölu og markaðssetningu á íslenskri síld í Finnlandi.

Í hádeginu miðvikudaginn 24. maí flytur forseti ræðu í boði finnsku kauphallarinnar þar sem viðstaddir verða 50-60 áhrifamenn úr finnsku atvinnulífi. Síðdegis þann dag mun forsetinn flytja erindi á viðskiptaráðstefnu sem KB-banki efnir til. Um 300 forystumenn úr finnsku fjármála- og atvinnulífi munu sitja ráðstefnuna.

22. maí 2006

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).